

Umsögn fulltrúa í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða dags. 7.janúar 2022.

Um: Stefnudrög - Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030

- Íbúaráði miðborgar og hlíða líst mjög vel á nýja stefnu og kjarnaatriðin sem dregin eru fram og tekur undir hana. Stefnan styður m.a. við það að auka sjálfbærni hverfa bæði með störfum og þjónustu og í takti við hvert hverfi fyrir sig sbr. Kjarnaatriði 5 um Græn hverfi og þróun borgarinnar í 15 mínútna hverfi þar sem sjálfbærar samgöngur skipta miklu máli. En hverfi borgarinnar hafa sínar sérstöðu sem þarf að taka mið af í allri stefnumótun og aðgerðum og vinna vel með samlíf ólíkrar atvinnustarfsemi og íbúabyggðar þar sem velferð íbúa er í forgrunni.
- Mikilvægt er að aðgerðaáætlun með stefnunni taki mið af allskonar færni og þörfum íbúa og sé á forsendum inngildandi samfélags. Í stefnunni þarf að tilgreina það að unnið verði markvisst með stefnuna á forsendum inngildandi samfélags.
- Við leggjum til að breytt verði um formerki á kjarnaáherslu þar sem orðalagið er ENGIN SKILIN EFTIR og notuð verði jákvæð formerki sem gæti verið: „ÖLL MEÐ”. Rökin fyrir því eru að nýsköpun, framþróun og hreinlega gott samfélag verður ekki án þess að kraftar allra séu nýttir því er það grunnforsenda að öll séu með, þar liggur auðurinn og lykillinn að farsæld samfélagsins alls þám. Þegar að kemur að atvinnu og nýsköpunarmálum.
- Í aðgerðaáætlun þarf að rýna sérstaklega hópa sem hafa verið jaðarsettir í samfélaginu og vinna markvisst með þeim að því að öll séu með og finna allskonar leiðir sem henta allskonar fólki. Atvinnulífið í heild þarf að axla sína ábyrgð og vinna markvisst að því að skapa fjölbreytt tækifæri til atvinnuþátttöku fyrir allskonar folk borgin getur þar verið mikilvæg fyrirmynd og með aðgerðum stutt við þá þróun.
- Hugtök
Innviðir: hér mætti bæta við algildri hönnun
- Kjarnaáhersla
2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar
Við leggjum til eftirfarandi viðbót við þessa setningu:
Þjónusta Reykjavíkurborgar, þar með talið við atvinnulífið, á að vera auðskilin, skilvirk, stafræn, fyrirsjáanleg og í takti við hugmyndafræði algildrar hönnunar.
- Nýsköpun, sköpun eru lykilatriði í skólum í borginni og í nýrri menntastefnu og þar er margt sem horfa má til og nýta sér og fara í samstarf með menntastofnunum, börnum og ungmennum enda eins og við vitum þá koma bestu hugmyndirnar oft frá börnum og ungmennum sem sjá samfélagið oft öðrum og skýrari augum en þau sem eldri eru.
- Íbúaráð miðborgar og hlíða óskar eftir því að fá kynningu á aðgerðaráætlun með stefnunni þegar hún verður til.